

NÝJAR FLÆÐI- OG KERBROTAGRYFJUR Á HAFNARSVÆÐI VIÐ GRUNDARTANGA

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Fyrir liggur fyrir að vöktun hefur ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif af völdum núverandi urðunar á fjöru og grunnsævi eða dýralíf og að ekki verður um að ræða aukningu á mengandi efnum sem verði fargað miðað við undanfarin ár. Í málgögnum framkvæmdaraðila og umsögnum er ekki bent á að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af samlegðaráhrifum mengandi efna í sigvatni frá núverandi og fyrirhuguðum gryfjum. Styrkur mengandi efna í sigvatni frá núverandi gryfjum minnkar smám saman og verður óverulegur þegar hlutleysing málma og sýaníðs úr kerbrotunum hefur að fullu átt sér stað. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun ekki líkur á því að áhrif á fjöru- og grunnsævi og dýralíf verði veruleg af mengandi efnum sem fargað verður í gryfjurnar.

Það er því niðurstaða Skipulagsstofnunar að förgun skilgreinds iðnaðarúrgangs frá Elkem Ísland ehf. og Norðuráli Grundartanga ehf. í nýjar flæði- og kerbrotagryfjur á hafnarsvæðinu á Grundartanga sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Áður en framkvæmdaleyfi og starfsleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. janúar 2013.

14. desember 2012

INNGANGUR

Þann 7. nóvember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkfræðistofunni Mannviti, f.h. Elkem Ísland ehf. og Norðuráls, Grundartanga ehf., um gerð nýrra flæði- og kerbrotagryfja á hafnarsvæðinu á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Hvalfjarðarsveitar, Faxaflóahafna sf., Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 30. nóvember 2012, Faxaflóahöfnum með bréfi dags. 19. nóvember 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 20. nóvember 2012, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 23. nóvember 2012, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með tölvubréfi dags. 29. nóvember 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. nóvember 2012.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Samkvæmt starfsleyfum járnblendiverksmiðju Elkem Ísland og álvers Norðuráls á Grundartanga er leyfilegt að urða hluta af framleiðsluúrgangi þeirra í flæði- og kerbrotagryfjum við Grundartanga og gryfjurnar hafa verið notaðar um árabíl af þessum fyrirtækjum. Samkvæmt framlögðum gögnum fylltust núverandi gryfjur hraðar en ráð var fyrir gert vegna uppbyggingar annarrar starfsemi við höfnina og því ljóst að aðgerða var þörf til að finna urðuninni nýjan stað.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að uppbygging hafnaraðstöðu á Grundartanga hafi átt sér stað samfara uppbyggingu stóriðju á svæðinu en förgun framleiðsluúrgangs iðjuveranna á Grundartanga sé nátengd þessari uppbyggingu. Í matsskýrslu um stækkun álvers Norðuráls árið 2002 hafi komið fram að eftir árið 2010 væri áformuð gerð landfyllingar, m.a. fyrir flæðigryfjur, til suðvesturs sem liður í stækkun hafnarinnar og að þær flæðigryfjur myndu endast til urðunar úrgangs til ársins 2025. Það rými sé nú þegar að verða fullnýtt vegna hraðari fyllingar gryfjanna en gert hafi verið ráð fyrir vegna uppbyggingar annarrar starfsemi við höfnina. Fram kemur að árið 2009 hafi Faxaflóahafnir sf., í samræmi við ofangreint, tilkynnt til Skipulagsstofnunar stækkun Grundartangahafnar sem hafi falið í sér lengingu hafnarbakkans til vesturs og gerð um 10 ha landfyllingar innan hans. Fram kemur að nú séu kynnt áform um að innan landfyllingarinnar, sem fjallað hafi verið um árið 2009, verði um 5.100 m² gryfja undir kerbrot Norðuráls, um 3.000 m² gryfja fyrir fyllingarefni frá Norðuráli og rúmlega 5.000 m² gryfja fyrir fyllingarefni frá Elkem. Miðað við reynslu undanfarinna ára verði magn til urðunar frá Norðuráli árlega að meðaltali í kringum 6.000 t og að flæði- og kerbrotagryfjur Norðuráls muni endast til að minnsta kosti 12 ára ef ekki verði annað fyllingarefni sett í þær. Fram kemur að framleiðsluúrgangur sem fari í flæðigryfjur frá Elkem hafi verið á bilinu 2.000-3.500 t á ári og sé gert ráð fyrir sama endingartíma og í tilfelli álversins.

Umhverfisáhrif og vöktun. Fram kemur að við greiningu á helstu umhverfisþáttum hafi verið horft til reynslu af rekstri núverandi flæði- og kerbrotagryfja á svæðinu. Vitað sé að sigvatn frá gryfjunum geti verið mengað efnem sem kunnir að vera skaðleg lífríki vatna. Við fyllingu kerbrota í gryfjur sem þessar sé skeljasandur settur á milli laga. Sjór falli svo um gryfjurnar vegna sjávarfalla og með aðstoð skeljasandsins hvarfist uppleyst efni í sjónum við málma og sýnið úr kerbrotonum. Vöktun undanfarinna ára hafi leitt í ljós að framangreind meðhöndlun hlutleysi óæskileg efni í kerbrotonum og geri þau óskaðleg. Þegar urðun í

núverandi gryfju ljúki muni styrkur mengandi efna í sigvatni minnka smám saman og verða að engu þegar hlutleysing hafi að fullu átt sér stað. Fram kemur að sams konar útskolun muni eiga sér stað í nýju gryfjunum en ekki verði um að ræða aukningu á menguðum efnum sem geti borist með sigvatni heldur verði um að ræða tilfærslu frá núverandi gryfju. Með fyrirhugaðri framkvæmd sé ekki verið að ráðast í breytingar á fyrirkomulagi urðunar og þeirri starfsemi sem felist í rekstri flæðigryfja. Einungis sé um að ræða breytta staðsetningu flæðigryfja þar sem þær verði afmarkaðar betur frá annarri losun. Núverandi vöktun hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á fjöru og grunnsævi eða á dýralíf af völdum núverandi urðunar og sé ekki ástæða að ætla að það breytist með tilkomu fyrirhugaðra flæði- og kerbrotagryfja. Fram kemur að fyrirhugaðar flæði- og kerbrotagryfjur muni hafa í för með sér litlar ásýndarbreytingar í samanburði við önnur mannvirki sem fyrirhuguð séu á svæðinu samkvæmt fyrirhuguðu deiliskipulagi.

Staða skipulags. Fram kemur að í nágildandi Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 sé gert ráð fyrir hafnarsvæði við Grundartanga. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru því í samræmi við gildandi aðalskipulag. Fram kemur að fyrirhugaðar flæði- og kerbrotagryfjur kalli á breytingu á deiliskipulagi og það sé nú í kynningu á vegum sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Hvalfjarðarsveitar, Faxaflóahafna sf., Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar það álit að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram það álit minnihluta sveitarstjórnar að fyrirhugaðar framkvæmdir skuli háðar mati á umhverfisáhrifum einkum í ljósi þess magns sem fyrirhugað sé að urða, en það fari langt yfir það magn sem gert sé ráð fyrir í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og einnig með hliðsjón af varúðarreglunni.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt væri að nýta skilgreindar flæði- og kerbrotagryfjur betur en gryfjurnar, sem áttu að endast til 2025, voru fullnýttar fyrr en ella vegna haugsetningar uppmoksturs úr iðnaðarlöðum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð nýrra flæði- og kerbrotagryfja á hafnarsvæðinu á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að núverandi flæði- og kerbrotagryfjur, sem gert var ráð fyrir að myndu endast til 2025, hafa fyllst hraðar en gert var ráð fyrir vegna þess að fyllt hefur verið í þær með öðru efni en úrgangi frá verksmiðjunum til að skapa aukið rými fyrir uppbyggingu annarrar starfsemi á hafnarsvæðinu.

Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Umhverfisstofnunar um að æskilegt væri að nýta skilgreindar flæði- og kerbrotagryfjur betur og aðeins fyrir tilgreindan verksmiðjuúrgang. Telur stofnunin eðlilegt að í sérstöku starfsleyfi fyrir förgun í flæði- og kerbrotagryfjurnar, sem framkvæmdaraðili kemur til með að sækja um, komi fram skýr skilgreining á úrgangi sem í gryfjurnar má fara með hliðsjón af hvernig þær eiga að endast.

Samkvæmt framlögðum gögnum er áætlað að urða í fyrirhuguðum gryfjum svipað magn og undanfarin ár þ.e. milli 8.000 og 9.000 tonn árlega, samtals frá báðum fyrirtækjunum. Ljóst er

að hér er um umfangsmikið magn úrgangs að ræða eins og réttilega er bent á í minnihlutaálitum sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar. Hins vegar liggur fyrir að vöktun hefur ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif af völdum núverandi urðunar á fjöru og grunnsævi eða dýralíf og að ekki verður um að ræða aukningu á mengandi efnum sem verði fargað miðað við undanfarin ár. Í málgögnum framkvæmdaraðila og umsögnum er ekki bent á að ástæða sé til þess að hafa áhyggjur af samlegðaráhrifum mengandi efna í sigvatni frá núverandi og fyrirhuguðum gryfjum. Styrkur mengandi efna í sigvatni frá núverandi gryfjum minnkar smám saman og verður óverulegur þegar hlutleysing málma og sýaníðs úr kerbrotunum hefur að fullu átt sér stað. Í ljósi þessa telur Skipulagsstofnun ekki líkur á því að áhrif á fjöru- og grunnsævi og dýralíf verði veruleg af mengandi efnum sem fargað verður í gryfjunar. Stofnunin bendir á að í starfsleyfi eru sett skilyrði um vöktunaráætlun og eðlilegt að þar séu einnig ákvæði um viðbrögð ef vöktun sýni neikvæð áhrif vegna mengandi efna á framangreinda umhverfisþætti.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að förgun skilgreinds iðnaðarúrgangs frá Elkem Ísland ehf. og Norðuráli Grundartanga ehf. í nýjar flæði- og kerbrotagryfjur á hafnarsvæðinu á Grundartanga sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012 og starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. 5. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og í samræmi við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Áður en framkvæmdaleyfi og starfsleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir samþykkt breyting á deiliskipulagi.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðilar og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. janúar 2013.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson